

Yfir 100 þúsund ávísanahefti í gangi í Reykjavík

— „Nær engri átt,” segir Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans


— Þegar um gróft brot er að ræða og ljós kemur að um keðjuverkanir er að ræða til þess að leika á kerfið, kærur við og lokum viðkomandi reikning, sagði Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans í viðtali við Dagblaðið í morgun.

— Það eru meira en 100 þúsund tékkareikningar í Reykjavík, sem nær ekki nokkurri átt, sagði Björn enn fremur. Þetta þýðir að daglega má áætla að út séu gefnar um 100 þúsund ávísanir.

Þegar Seðlabankinn gerði skyndikönnun innistæðulausra ávísana s.l. föstudag komu fram 1254 tékkar án fullnægjandi innistæðu að fjárhæð samtals kr. 102,5 millj. kr. Reyndist þetta um 3,1% af veltu föstudagsins í tékkum hjá ávísana- viðskiptadeild Seðlabankans en hún var nánar tiltekið 3.174 millj. kr.

Af ofangreindum innistæðulausum tékkum voru 55 tékkar, samtals að fjárhæð 5,5 millj. en útgefendur þeirra áttu skv. gildandi reglum hvergi að vera í tékkaviðskiptum vegna fyrri brota.

— Hvernig getur slíkt hent? — Margir hafa fleiri en einn bankareikning, aðrir stofna



Í skyndikönnun Seðlabankans á innistæðulausum ávísunum var meðalupphæð tékkanna 81.738 kr.

fyrirtæki og halda áfram að gefa út ávísanir og þá oft á öðru nafni. Hingað til hefur ábyrgðin hvílt á útgefendum tékkanna. Nú ætlum við að endurvekja ábyrgð framseljendanna og varúðarkennd þeirra sem taka við tékkunum.

Í ráði er að láta viðskiptavinum fá heimildarkort, sem þeir verða að framvísa þegar þeir gefa út ávísanir. Enginn fær slíkt kort, nema sá sem hefur sýnt sig að hafa ekki misnotað tékkaviðskipti.

Einnig skapast aukid aðhald í tékkaviðskiptum með tilkomu reiknistofu bankanna. Þá eru allir tékkar sem koma í bankana, færðir á einni nóttu og kemur þá strax í ljós hverjir eru innistæðulausir. Það má segja að nú fari fram tékkakönnun á hverri nóttu. Þetta kemur m.a. í veg fyrir að hægt sé að færa á milli bankareikninga eins og gert hefur verið.

— Hvenær er fólk kært? — Fólk er kært þegar um gróft og endurtekin brot er að ræða, þ.e. eftir 2. til 3. brot, og þá er reikningnum lokað. Þessa dagana eru um 3000 innheimtumál í gangi á S.V.-landi. Sektirnar nema um 10-11% af upphæð tékkanna. —

—A.Bj.

STAL BÍL OG SKIPTI UM NÚMER

Ævintýralegt uppátæki 16 ára pílts

Sextán ára piltur var í nótt eltur um götur Keflavíkur. Höfst eltingaleikurinn fyrir það, að lögreglumenn báru kennsl á öikumanninn og vissu að hann er réttindalaus. Er lögreglan náði bilnum, hljóp strákurinn út í náttmyrkrið og hvarf, og hefur ekki komið heim síðan og ekkert til hans spurzt.

Er að var gáð kom í ljós að pilturinn var í Cortina-bifreið, sem stolið hafði verið frá Flókaötu 33 í Reykjavík í fyrrakvöld. Hafði pilturinn tekið réttu númerin G-8015 af og geymdi þau í farangursgeymslu. Billinn var síðan númerslaus að framan en að aftan var komið á stolið númer O-1027.

14 ára piltur var í bilnum sem farþegi og staðfesti hann hver ekið hafði.

AST

Henti stól í höfuð Lombardy stórmeistara

„Eg veit ekki, hvort hann miðaði sérstaklega á mig, en að minnsta kosti lenti stóllinn af allmiklum krafti í höfðinu á mér”, sagði Lombardy stórmeistari í viðtali við Dagblaðið í morgun. Hann var ásamt fleira fólki staddur í veitingahúsinu Óðali í gærkvöldi, er einn gestanna gekk berserksgang og þeytti húsmunum í kringum sig.

Lombardy fór upp á slysa- varðstofu þar sem hann var röntgenmyndaður og buið um skrámur á höfði hans, en lögreglan kom og tók berserkinn í sína vörzlu. Gisti hann fanga- geymsluna í nótt en vildi enga skýringu gefa á framferði sínu, enda áberandi ölvabur.

„Þeir rannsókuðu mig hátt og lágt á slysa- varðstofunni, en síðan var mér leyft að fara heim. Einn keppendanna hér á móttinu, van der Broeck frá Belgíu er læknir og hefur hann einnig fylgt með mér í alla nótt. Mér líður ágætlega, en verð að viðurkenna, að þetta

var allþungt högg sem ég hlaut”, sagði Lombardy að lokum.

HP



Stórmeistarinn Lombardy

Grunsamleg síldarsala í Danmörku

Síldarskipið Gullberg VE seldi 35,6 tonn af síld í Hirtshals 10. nóv. og fékk fyrir 5,2 millj. kr. eða 146,79 kr. fyrir hvert kg. Sama dag seldi Súlan EA 38,7 tonn af síld veiddri við Hjaltland og fékk 2,4 millj. kr. fyrir eða 62 kr. á kíló.

Skipstjóri á Gullbergi segist hafa veitt sína síld á sömu slóðum og Súlan. Af síld Gullbergs fara 3-4 síldar í hvert kg. en 7-12 síldar í kg af síld Súlnnar.

Af þessum sökum er uppi grunur um að Gullberg hafi farið með síld af Íslandsmiðum og selt ytra. Skipið landaði 5. nóv. í Eyjum 20-30 tonnum og grunur er á um að það hafi ekki landað öllum sínum afla.

Ráðuneytið biður þess vegna sýna af síld Gullbergs og Súlnnar og fiskifræðingar telja sig þá geta skorð að fullu úr um, hvort grunurinn sé á rökum reistur eða ekki.

AST

32 þús. kr. stolið í Keflavík

Lögreglan í Keflavík rannsakar nú þjófnaðarmál sem kært var í gær en mun hafa átt sér stað á mánudag. Hurfu 32 þúsund kr. úr kassa í læstu fundarherbergi í gagnfræðaskólanum. Peningar þessir eru í

eigu nemendafélags skólans. Rannsókn er á frumstigi en ljóst þykir að farið hafi verið í fundarherbergið með lykli. Í stjórnmendafélagsins eru 10 nemendur og hafa þeir allir aðgang að herberginu.

AST

Sennilega með handvopn

ÞRjú „VERNDARSKIP” LÖGÐ AF STAÐ TIL ÍSLANDS

„Þeir voru með handvopn en ekki annað. Eg hef séð þessi skip. Þetta eru ekki stór skip,” sagði Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, í morgun.

Skipin hafa gætt oliuborpalla Breta og átt að hindra, að

skæruliðar eða aðrir skemmdarverkamenn tækju pallana, að sögn Péturs.

Brezka útvarpið, BBC, sagði í fréttum í morgun, að þrjú „verndarskip” frá oliuborpöllum í Norðursjó hafi nú þegar lagt af stað til Íslands. Blaðið

fékk þessa frétt hjá Niels P. Sigurðssyni, sendiherra í London. Niels sagði, að þessi skip tilheyrðu flotanum að nokkru leyti. Samkvæmt fréttum í brezkum fjölmiðlum á að beita þeim, „ef þörf gerist” eins og sagt er. Breta mun fýsa að sjá,

hvað kemur út úr viðræðum aðstoðarráðherrans Roy Hattersleys við íslenska ráðamenn næstu helgi.

Veðiheimildir Breta renna út um miðnætti næstkomandi. Þá er samningur Íslendinga og Breta úr gildi fallinn.

—HH

Þóttist hafa orðið fyrir bíl

Ung kona var í gærmorgun flutt af Hringbraut í slysa- deild. Stóð hún fast á því að bíll hefði ekið á sig, en öku- maður síðan ekkert um sig sinnt og horfið af slysstað. Kom í ljós að konan var ómeidd.

Er nú helzt hallazt að því að sagan um bílinn sé uppspuni og málið allt tilbúningur í huga hennar. Nóg er um slysin þó fólk ekki þykist hafa orðið fyrir bíl.

AST.